



386. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn 21. nóvember 2011 nefndasviði Alþingis. Fundarmenn: Álfheiður Ingadóttir, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Þuríður Backman, Ragnheiður Elín Árnadóttir (í fundarsíma), Valgerður Bjarnadóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson og Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 8:45. Í samræmi við ákvörðun síðasta fundar var aðeins eitt mál á dagskrá: Ákvörðun um hvernig standa skuli að vali hönnuða við gerð gönguleiðar um Kárastaðastíg efst í Almannagjá.

Helgi Hjörvar mætti kl. 8:50.

Samþykkt var með fimm atkvæðum (ÁI, HH, SIJ, VB, ÞB), að halda lokaða framkvæmdsamkeppni og miða við verklok í maí, tveir voru á móti (REÁ, ÞKG). Kom fram í máli þeirra síðast nefndu að þær gerðu alvarlegar athugasemdir við meðferð og afgreiðslu málsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:12.